

**Einar Kristján Einarsson** er fæddur á Akureyri og hlaut þar sína fyrstu tónlistarmenntun. Hann stundaði síðan nám við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og framhaldsnám í Englandi á árunum 1982 - 88. Einar lauk einleikara- og kennara-prófi frá Guildhall School of Music í London árið 1987. Auk tónleikahalds í Englandi og á Spáni hefur hann komið fram við ýmis tækifæri og síðastliðið haust lék hann einleik með Kammersveit Akureyrar.

**Martial Nardeau** er íslenskum tónlistarunnendum löngu orðinn að góðu kunnur, enda 10 ár í haust síðan hann yfirgaf starfsframa sinn í París til að setjast að á Íslandi. Hann hefur starfað hér við kennslu, einleik, hljómsveitarspil, kammermúsík, svo og tónsmíðar og jazz þegar tími hefur leyft. Á síðustu árum hefur hann komið fram á ný sem einleikari víða í Frakklandi og hefur þá jafnan íslensk verk með sér í farteskinu. Martial hefur mikið spilað tónlist fyrir tvær flautur með Guðrúnu Birgisdóttur og unnu þau fyrstu verðlaun í alþjóðlegri flautukeppni í París 31. maí síðastliðinn. Martial vinnur nú að geisladiski með íslenskum verkum.

# Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Einar Kristján Einarsson  
gítarleikari  
og  
Martial Nardeau  
flautuleikari



11. ágúst 1992 kl. 20:30

Mauro Giuliani var ítalskur gítarleikari en starfaði mest í Vínarborg við miklar vinsældir og var oft nefndur Paganini gítarsins.

Francis Poulenc var einn af Sexmenningunum, „Les Six“ og eitt þekktasta tónskáld Frakka. „Mouvements Perpétuels“ voru upphaflega samin fyrir píanó árið 1918 en hafa verið útsett fyrir ýmsar hljóðfæraskipanir, meðal annars útsetti Poulenc verkið sjálfur fyrir hljómsveit.

Jacques Ibert samdi Millipátt „Entr´acte“ árið 1954. Þar galdrar hann fram í örstuttum þætti sterka spænska stemningu.

Eitt af mörgum verkum tileinkað Mindinha, eiginkonu Villa-Lobos, er Blómagjöf „Distribuição de Flôres“ sem ber ósvikinn brasilíska ilm.

Um Sögu Tangósins „Histoire du Tango“ segir Astor Piazzolla meðal annars:

„Bordel 1900: Tangóinn fæddist í Buenos Aires 1882 og var fyrst leikinn á gítar og flautu. Hann er þokkafullur og lifandi eins og konurnar í gleðihúsinu.

Café 1930: Hann er ekki dansaður lengur, hann er hægari og angurværari og hljóðfærin eru fiðlur, bandoneon, píanó og bassi.

Night-club 1960: Argentína hefur opnast og tangóinn samlagast bossa - nova frá Brasilíu og breytir um form.

Concert d´aujourd´hui: Tangóinn er í forgrunni, en fram koma meðal annars áhrif frá Bartók og Stravinsky. Nútímatangó, framtíðartangó . . .“

## Efnisskrá

Mauro Giuliani  
(1781 - 1828)

Grande Sonate op 85 í A - dúr  
Allegro Moderato  
Andante molto sostenuto  
Scherzo - Trio  
Allegretto espressivo

Francis Poulenc  
(1899 - 1963)

Mouvements Perpétuels  
I Assez modéré  
II Très modéré  
III Alerte  
- Arthur Levering útsetti -

Jacques Ibert  
(1890 - 1962)

Entr´acte

Heitor Villa-Lobos  
(1881 - 1957)

Distribuição de Flôres

Astor Piazzolla

Histoire du Tango  
Bordel 1900  
Café 1930  
Night-club 1960  
Concert d´aujourd´hui